

Ed.

627. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Nauðsyn ber til að taka fram í ákvæði til bráðabirgða að skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skuli ávaxta í Byggingarsjóði ríkisins.

Fram til 1. janúar 1979 var fé þetta ávaxtað í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 60 16. maí 1978 var felld niður, frá og með 1. janúar 1979, sú skylda Stofnlánadeildar að veita lán til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum, en sú skylda var forsenda þess, að skyldusparnaðarfé þeirra, sem búsettir eru í sveit, skyldi ávaxtað í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Byggingarsjóður ríkisins tók þessar skyldur í verki á sínar herðar 1. janúar 1979, þannig að rétt þykir og sjálfsagt að skyldusparnaðarfé þeirra, sem í sveitum eru búsettir, ávaxtist þar frá þeim degi, enda ráð fyrir því gert bæði af fyrirvarsmönnum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Byggingarsjóðs ríkisins.

Af framangreindum ástæðum flytur nefndin svofellda

BREYTINGARTILLÖGU :

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.

Alþingi, 8. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Ágúst Einarsson, frsm.
Alexander Stefánsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson. Guðmundur Karlsson.	Soffía Guðmundsdóttir.